

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 426/1993. **M**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

K

(Árni Halldórsson hrl.)

Börn. Forsjá. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1993. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfu stefndu um forsjá dóttur þeirra. Jafnframt verði stefndu gert að greiða sér málskostnað í hér-aði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, þegar það kom til munnlegs flutnings 20. þessa mánaðar. Krafðist stefnda þess þá, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og sér dæmdur málskostnaður fyrir réttinum úr hendi áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda var þess krafist, að lagður yrði efnisdómur á málið. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti í því tilviki, að málinu yrði vísað frá.

Málsaðilar eru foreldrar stúlkunnar H, sem náði sjálfræðisaldri 8. september 1994, er hún varð 16 ára, sbr. 1. gr. lögræðisлага nr. 68/1984. Í leyfi til lögskilnaðar milli foreldranna 17. nóvember 1988 ákvað dómismálaráðuneytið, að áfrýjandi skyldi hafa forsjá stúlkunnar samkvæmt VIII. kafla barnalaga nr. 9/1981, sbr. nú VI. kafla barnalaga nr. 20/1992, og með ákvörðun 9. febrúar 1990 hafnaði ráðuneytið kröfu um breytingu á þeirri tilhögun. Stefnda höfðaði síðan mál þetta með kröfu um, að sér yrði falin forsjá stúlkunnar í

stað áfrýjanda. Var ágreiningsefni í málinu einvörðungu það, hvort foreldranna skyldi hafa forsjána, og úr því leyst í hinum áfrýjaða dómi. Stúlkan er nú sjálfráða, og hafa málsaðilar ekki lengur lögvarða hagsmuni af því, að úrlausn dómsins komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 29. gr. barnalaga nr. 20/1992. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Sem fyrr segir, var áfrýjunarstefna gefin út 22. október 1993, og bað lögmaður áfrýjanda um dómsgerðir í málinu með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur, er ritað var sama dag. Dómsgerðirnar voru þó ekki tilbúnar fyrr en 10. mars 1994, eftir því sem áritun héraðsdómara sýnir, og tók lögmaðurinn við þeim 5. apríl sama ár. Þessi dráttur á frágangi dómsgerðanna fór í bága við brýn ákvæði 1. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 225/1992 um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o. fl., sbr. 15. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 1. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992. Verður að átelja hann.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
